



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Minnisblað

Til: Jóhönnu Bjarkar Weissappel, Mannviti, verkfræðistofu
Frá: Guðmundi Guðjónssyni

Reykjavík 3. júní 2009

Efni: Lýsing á gróðurfari á kafla línuleiðar B vestan Lambafjalla, utan kortlagðs áhrifasvæðis vegna virkjana háhitasvæða á Norðausturlandi

Árið 2007 kortlagði Náttúrufræðistofnun Íslands gróður og kannaði útbreiðslu háplantna sem hugsanlega verða fyrir áhrifum af fyrirhuguðum virkjunum á háhitasvæðum og línu- og vegstæðum á Norðausturlandi. Niðurstöður þeirra rannsókna komu út í skýrslu í nóvember 2008 (Guðmundur Guðjónsson o.fl. 2008).

Í desember 2008 kom í ljós að tæplega 11 km af línuleið B vestan Lambafjalla var staðsett utan þess svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hafði kortlagt 2007 miðað við fyrri áætlanir um línustæði. Eftir viðtöl við starfsmenn stofnunarinnar fór Jóhanna Björk Weissappel fyrir hönd Mannvits þess á leit við Kristbjörn Egilsson, sviðstjóra ráðgjafar, að skrifað yrði minnisblað þar sem gróðurfari á þessum kafla línuleiðarinnar yrði lýst af sérfræðingi er kortlagt hafði gróður á sömu slóðum 2007.

Breytta línuleiðin liggur allt að 800 m vestan við og litlu lægra í landinu en sú sem áður var áætluð. Að sunnan viku hún frá áður kortlögðu landi á Langavatnsheiði sunnan við Grasflatir á móts við bæinn Brúnahlíð. Þaðan liggur hún til norðurs ofan Reykjafjalls um Tungusporð rétt ofan Hvanngils, yfir Tröllagil og að Geldingadal ofan við bæinn Skóga þar sem línuleiðin kemur aftur inn á áður kortlagt land.

Í fyrrnefndri skýrslu um rannsóknirnar 2007 er eftirfarandi lýsingu á gróðurfari á þessum slóðum að finna á bls. 37 og 38: *Undir Lambafjöllum ofan Reykjahverfis er línustæðið vel falið frá byggð í hlíðarrótunum á mörkum gróins og ógróins lands á um 17 km kafla allt norður í Geldingadal. Gróður er nokkuð fjölbreyttur en liðlega helmingur línustæðisins er lítt- eða ógróinn. Fjalldrapamói er víðáttumestur en talsvert er um lyngmóa. Graslendi, fléttumói, sefmói og jafnvel mosagróður koma fyrir á stöku stað. Lítt- eða ógróna landið er að mestum hluta nokkuð grýttir melar með stórgrýttum drögum á milli.*

Á vordögum 2009 voru gróður- og landgerðir á nýja ókortlagða línustæðinu metnar af undirrituðum eftir myndkorti Loftmynda frá 2007 og innrauðri Spot 5 gervitunglamynd frá 2002. Einnig var stuðst við gróðurkortlagninguna af öðrum línuleiðum frá 2007 sem undirritaður vann að og stjórnaði.

Verkið var unnið þannig að farið var eftir fyrirhuguðu línustæði á myndkortinu og reynt að meta hvaða gróðurfélög og landgerðir línán kæmi til með að skera. Fyrirhuguðu línustæði var þannig skipt upp í um 40 búta eftir gróður- og landgerðum sem voru lengdarmældir og teknir saman og flokkaðir í töflureikni. Samandregnar niðurstöður gróður- og landgreiningar eru sýndar í 1. töflu. Að auki voru áhrifasvæði línustæðisins um 300 m belti til hvorrar handar út frá línustæðinu skoðuð með tilliti til þess hvort þar væru merki um votlendi eða önnur sjaldgæf gróðurfélög.



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

1. tafla. Gróðurfélög og landgerðir á ókortlögðu línustæði vestan Lambafjalla.

Gróðurfélag		km	% af grónu landi	% af heild
B2	Krækilyng-bláberjalyng-sauðamergur	1,66	22	15
B6	Holtasóley-krækilyng-víðir	0,96	13	9
C1	Fjalldrapi-bláberjalyng-krækilyng	4,86	65	45
Samtals gróíð		7,48	100	69

Landgerð		km	% af ógrónu landi	% af heild
me	Melar	2,82	84	26
gt	Stórgrýtt land	0,54	16	5
Samtals ógróíð		3,36	100	31
Alls		10,84		100

Taflan sýnir að í megindrættum gæti eldri lýsingin hér að framan átt við nýja hlutann.

Þar kemur fram að 69% landsins telst gróinn (>10% gróðurþekja) og 31% ógróinn. Landið sem línan fer um er allt mólendi og er fjalldrapamói allsráðandi eins og víðast hvar á öllu rannsóknasvæðinu frá 2007. Af grónu landi sem línan sker er 65% C1 (*fjalldrapi-krækilyng-bláberjalyng*), 22% B2 (*krækilyng-bláberjalyng-sauðamergur*) og 13% B6 (*holtasóley-krækilyng-víðir*). Lítt- eða ógróna landið skiptist þannig að me (*melar*) eru 84% og gt (*stórgrýtt land*) 16%.

Í 2. töflu er sýnd þekja gróðurs á þeirri leið sem línan sker. Þar má sjá að minna en helmingur leiðarinnar telst algróíð land og að viðlíka hluti er með gróðurþekju að meðaltali 25% eða minna. Niðurstöður matsins sýna einnig að rétt tæpur helmingur landsins, gróins og ógróins, sem línan sker, er grýttur.

2. tafla. Gróðurþekja á ókortlögðu línustæði vestan Lambafjalla.

Gróðurþekja	km	%
<10% (lítt eða ógróíð)	3,36	31
25% (þ)	1,37	13
50% (z)	0,04	0
75% (x)	1,22	11
>90% (algróíð)	4,85	45
Samtals	10,84	100

Það er álit Náttúrufræðistofnunar Íslands að á umræddri 11 km línuleið séu engin sjaldgæf gróðurfélög, hvorki á svæðis- eða landsvísu sem mæla gegn því að línan verði lögð samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun. Ávallt skal þess samt gætt að raska landi sem minnst vegna framkvæmda og græða þau sár sem óhjákvæmilega myndast með grenndargróðri í samráði við gróðurvistfræðing.

Virðingarfyllt,
Guðmundur Guðjónsson
Verkefnisstjóri gróðurkortagerðar

Heimildir:

Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Rannveig Thoroddsen 2008. Gróðurfur á háhitavæðum og fyrirhuguðum línu- og vegstæðum á Norðausturlandi. Unnið fyrir Landsvirkjun, Landsnet hf. og Þeistareyki ehf. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-08009. 108 bls. ásamt kortahefti.

